

Matarstígur Helga magra, stjórnarfundur nr. 4 haldinn rafrænt mánudaginn 11. maí kl. 17.00 í. Mætt voru Einar Örn, Helga Berglind, Hugrún, Kristín og Karl verkefnastjóri. Karl ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Aðkoma kvenfélaganna í Eyjafjarðarsveit að Matarstíg Helga magra

Afgreiðslur

Fyrir fundinum lá fyrir svohljóðandi tillaga:

„Stjórn Matarstígs Helga magra samþykkir að veita kvenfélögum Eyjafjarðarsveitar aðild að matarstígnum. Kvenfélögin eru hornsteinn góðgerðarmála í samfélaginu og hafa aflað fjár m.a. með sölu matvæla og handverks á Handverkshátíð sem nú hefur verið aflýst þetta árið. Til að koma til móts við þarfir kvenfélaganna og styðja við þeirra mikilvæga starf býður matarstígurinn að þau fái að starfa á bændamörkuðum sumarsins. Í ljósi sérstöðu þeirra munu þau hafa heimild til að selja ekki bara matvörur heldur líka handverk. Fyrir utan það að glæða markaðina meira lífi fá félögin tækifæri til að afla tekna fyrir sitt góðgerðarstarf.“

Samþykkt.

Nú þurfa kvenfélögin að skrá sig á skráningarsíðu matarstígsins og senda í framhaldinu stjórninni upplýsingar um söluvörur og hráefnainnihald.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.20.

kj